



Minnisblað

Dagsetning: 19. desember 2017

Viðtakandi: Elma Sif Einarsdóttir, PCC BakkiSilicon hf

Sendandi: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Náttúrustofu Norðausturlands

Efni: Gróðurvöktun við Bakka árið 2017.

Minnisblað þetta greinir stuttlega frá aðferðum og helstu niðurstöðum gróðurvöktunar við Bakka sumarið 2017.

Aðferðir

Farið var í alla gróðurreiti við Bakka 24. júlí 2017. Veður var gott, heiðskýrt og hiti um 15-20°C. Gróðurreitir sem lagðir voru út við Bakka sumarið 2016 voru yfirfarnir. Gróðri og ástandi gróðurs og reita var lýst og ljósmyndir teknar af öllum merktum smáreitum í hverjum gróðurreit. Einnig voru teknar yfirlitsmyndir af gróðurreitum, annars vegar frá SV horni hvers reits eins og gert var sumarið 2016, og hins vegar nú í fyrsta sinn með flygildi. Myndir með flygildi voru teknar úr tveimur mismunandi hæðarbilum.

Lýsingar gróðurreita og ástand gróðurs var skráð. Ljósmyndir af smáreitum 2017 voru bornar saman við ljósmyndir frá árinu 2016 en allar ljósmyndir voru merktar, skráðar og vistaðar í gagnagrunni Náttúrustofu Norðausturlands. Ástand hæla og merkingar reita voru yfirfarin og lagfært þar sem þurfti.

Niðurstöður og umræður

Það voraði snemma og veðurfar sumarsins 2017 var nokkuð hagstætt gróðri. Ástand gróðurs var almennt nokkuð gott í reitum nema í gróðurreit Bakki-01 þar sem rof í merktum smáreitum hafði aukist lítilsháttar á milli ára. Að öðru leyti virtist ástand og útlit gróðurs í smáreitum svipað og það var sumarið 2016. Helsti munurinn sást á beitilyngi sem hafði lítið sem ekkert blómstrað þann 24. júlí 2017 en sumarið 2016 voru gróðurreitirnir lagðir út og gróðurmældir 11. – 12. ágúst og var þá beitilyngið í miklum blóma. Tímasetja ætti næstu gróðurmælingar sem næst blómgunartíma beitilyngs, bæði til að auðvelda sjónrænan samanburð en einnig til að tryggja sem nákvæmastar gróðurmælingar en beitilyng hafði mikla þekju í fjórum gróðurreitum af sex sumarið 2016.

Nokkrar lúpínuplöntur voru teknar upp í kringum gróðurreiti Bakki-01 og Bakki-02 en lúpínubreiður eru nálægt reitunum. Þar sem landið við þessa tvo gróðurreiti er nú friðað fyrir beit þarf að halda útbreiðslu lúpínunnar niðri við gróðurreitina svo þær leggi þá ekki undir sig. Skynsamlegt væri að fara árlega á svæðið í upphafi blómgunartíma lúpínunnar og stinga upp og/eða slá lúpínuplöntur á skilgreindu svæði umhverfis gróðurreitinn.

Í gróðurreit Bakki-06, sem jafnframt er viðmiðunarreit, höfðu kindur notað hæla til að klóra sér með en við það hafði lyng drepist í kringum tvo hæla. Hælar voru barðir neðar til að forðast þetta álag á gróður.